

Golfklúbburinn Oddur

Aðalfundur 2018, þriðjudaginn 4. desember

Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd.
10. Önnur málefni ef einhver eru.

Elín Hrönn Ólafsdóttir formaður GO setur fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Formaður lagði til að Hilmar Magnússon yrði fundarstjóri og Svavar Geir Svavarsson fundarritari og var það samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri tók við fundinum og fór yfir og kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði um að löglega hefði verið til hans boðað og fundurinn þar með lögmætur aðalfundur, því næst var gengið til dagskrár og bauð fundarstjóri Elínu Hrönn Ólafsdóttur í ræðustól.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu ári

Elín Hrönn Ólafsdóttir formaður byrjaði fundinn á því að þakka þeim sem mættir voru á aðalfundinn en nálægt 50 félagar voru mættir að þessu sinni. Elín talaði um að ársrit félagsins væri aðgengilegt á netinu á heimasíðu okkar þar sem hægt væri einnig að lesa skýrslur nefnda. Elín fór svo í skýrslu stjórnar og renndi yfir þau málefni sem hæst bára á árinu.

Elín hóf ræðu sína á því að fara yfir þá staðreynd að árferði ársins hefði ekki verið hliðhollt golfurum og rekstri golfvallar almennt. Árið hefði þó verið nokkuð eðlilegt hvað varðar lengd golftímabilsins frá 12. maí – 15. október en sumarið verið seint á ferð og það haft almenn áhrif á allan rekstur. Elín taldi upp starfsmenn og stjórn og þá aðila sem að rekstri koma eins og golfkennara og veitingaaðila og þakkaði öllum fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Elín fór yfir það að golfklúbburinn Oddur hefði orðið 25 ára á árinu og þeim tímamótum var fagnað nokkrum sinnum bæði með veislum, golfmótum og glæsilegri golfferð sem sló eflaust öll sölumet í fjölda þátttakenda og hraða í sölu.

Elín ræddi í kjölfarið mikilvægi góðs félagsstarfs og þess að átak hefði verið gert í að koma félagsmálum yfir vetrarmánuði í gott og reglulegt horf. Í því sambandi nefndi hún viðburði eins og vinkynningar og mjög vinsælar gönguferðir golfklúbbsins sem og tengingu

kvennastarfs og gönguferða með nýtingu golfskálans en ákveðið var að láta niður golfteppi og nýta skálann undir æfingar og púttmót kvennanefndar og fórna þá um leið annarri starfsemi í húsinu. Þetta þótti takast gífurlega vel og væri vonandi vísir að því að við myndum í framtíðinni búa yfir heilsárs aðstöðu sem efla myndi félagsandann og gera okkur rekstrarlega samkeppnishæf við okkar helstu nágranna. Í tengslum við félagsstarfið hafi svo almennt starf yfir sumarmánuði einkennst af innanfélags golfmótum og einstöku og góðu kvennastarfi og þakkaði hún þeim aðilum sem koma að félagsstarfi öllu og mótahaldi fyrir sín óeigingjörnu störf.

Íþróttastarf GO, þar fór Elín yfir það hversu ánægjulegt það væri að mikil fjölgun væri á golfleikjanámskeiðum sumarsins en um 150 krakkar sóttu hingað á þau 5 námskeið sem voru í sumar og fjölgaði krökkunum um 20% á milli ára. Keppnisveitir GO stóðu eðlilega í ströngu í sumar og stóðu sig vel á Íslandsmótum golfklúbba þar sem við áttum þátttakendur í keppni karla og kvenna bæði yngri og eldri. Kennurum Golf Akademíu Odds sem bera þungan og hitann af allri kennslu hér á Urriðavelli þeim Rögnvaldi Magnússyni og Phill Hunter þakkaði Elín fyrir góð störf.

Af framkvæmdum á árinu sagði Elín frá því að bygging vélageymslu hefði klárast og þar væri nú verið að klára bygginguna að innan og á árinu kláraðist tenging og frágangur á nýrri borholu. Báðar þessar framkvæmdar eru golfklúbbum gífurlega mikilvægar þegar til lengri tíma er horft. Af öðrum framkvæmdum fór Elín yfir að almennt viðhald hefði verið í gangi á vellinum og girðing í kringum æfingasvæðið var endurnýjuð að hluta. Framkvæmdir við endurnýjun teiga á 2. og 16. braut væru langt komnar.

Stækkun Urriðavallar, þar fór Elín yfir að landeigandi væri að huga að nýju deiliskipulagi og þar á tengingu golfvallar við allsherjar útivistarsvæði innan marka landsins. Vinna væri núna í gangi í vinnuhóp GO, GOF og StLO ásamt aðilum frá ALTA og sú vinna leidd áfram af Edwin Roald golfvallararkitekt. Málið því í farvegi en mikilvægt væri að þoka því vel áfram á næsta starfsári.

Elín ræddi svo um stöðu mála varðandi inniaðstöðu. Elín sagði frá því að þar hefði verið stofnuð nefnd sem skilað hefði til stjórnar nokkrum sviðsmyndum. Þeim sviðsmyndum fylgdi gróf kostnaðaráætlun, möguleikar á staðsetningu innan svæðis, not á húsnæði og tenging við t.d. frekari útivist allt árið. Verkefni stjórnarinnar væri nú að funda með fulltrúum Garðabæjar á þeim grunni á nýju ári.

Formaður fór svo yfir fjármál og talaði um að viðunandi árangur hefði náðst í fjármálum klúbbsins og nokkur viðsnúningur hafi verið í þeim málum síðustu tvö ár með auknu skipulagi og aga. Elín þakkaði einnig í því sambandi aukinni samvinnu við GOF og nýjum samningi sem undirritaður var við þá og auknum skilningi Garðabæjar sem skilaði sér í auknum styrk, það að við séum litin jöfnum augum og sanngirni í samanburði við önnur íþróttafélög í bænum væri réttlætismál og Elín vonaðist eftir árangri í þá átt á nýju starfsári.

Að lokum færði Elín öllum starfsmönnum og sjálfboðaliðum þakkir fyrir vel unnin störf.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins lagðir fram

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri fór yfir reikninga GO, fór þar yfir helstu liði í tekjum og gjöldum. Í útskýringum talaði hann um að félagsgjöld hefðu aukist og smá fjölgun hefði orðið á félagsmönnum milli ára, áhrif veður væru sýnileg í vallartekjum en

æfingasvæðið hefði verið betur nýtt þetta árið. Hagnaður tímabilsins væri rúmar 4. milljónir. Í viðskiptakröfum var stór hluti þar ógreiddur reikningur Garðabæjar sem nú væri greiddur og þær sýndu ekki rétta mynd en sú greiðsla hefði átt að vera komin fyrir uppgjör reikninga. Í gjöldum værum við mest að finna fyrir hækkandi launakostnaði en aðrir liður væru í nokkuð miklu jafnvægi milli ára. Í gjaldalið var kominn tíma að leggja fyrir vegna áfallins orlofs starfsmanna svo klúbburinn réttilega stæði undir því að greiða það ef á reyndi. Eignafærsla borholu hefur veruleg áhrif á afkomu ársins og því ljóst að næsta ár yrði erfiðara þegar þeirra áhrifa gæddi ekki.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar

Hilmar fundarstjóri tók við af Þorvaldi og opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Haukur Örn forseti GSÍ og félagsmaður í GO bað um orðið.

Haukur óskaði klúbbnum til hamingju með gott ár og talaði um að GSÍ fyndi meðbyr í golfhreyfingunni og fjölgun en áhyggjur af áhrifaþáttum eins og veðri væru miklir og það hefði sérstaklega mikil áhrif á minni klúbbbana utan höfuðborgarsvæðisins. Áréttaði Haukur mikilvægi þess að þeir sem væru í golfklúbbum í dag ættu almennt að vera með hugann við það að hvetja sína féлага sem t.d. vegna lélegs árferðis í ár hefðu í huga að hætta í golfklúbbi til að gera það ekki og vera vakandi fyrir því að halda sínu fólki í golfi og stuðla þannig að áframhaldandi stöðuleika.

Haukur tók því næst til máls um mikilvægi sjálfbóðaliða og fór þar yfir sögu af sjálfbóðaliða hér í GO sem setið hafði m.a. í stjórn frá árinu 1993 – 1997 og síðan í ýmsum nefndum á vegum klúbbanna næstu ár. Því næst fór Haukur yfir að þessi aðili hefði setið í framkvæmdastjórn Styrktar og Líknasjóðs á árunum 2000 – 2013 og þar af sem formaður í 8 ár frá árinu 2005. Fór hann yfir það að þessi aðili hefði setið í forystu fyrir ýmsum verkefnum, komið að samskiptum við bæjaryfirvöld og oft verið í forystuhlutverki og væri í dag í landnýtingarnefnd á vegum StOL ásamt Júlíusi Rafnssyni. Fyrir þessi verk sín og sjálfbóðavinnu kallaði Haukur því næst upp til sín Ingjald Ásvaldsson og sæmdi hann gullmerki GSÍ.

Ingjaldur tók svo stuttlega til máls og var klökkur í máli og þakkaði fyrir sig og sagði strax að það væri ljóst að það væri ekki verið að verðlauna hann fyrir forgjöfina sína og uppskar hlátur úr sal. Hann viðurkenndi að málefni golfklúbbsins hefðu ætíð verið sér ofarlega í huga og oft haldið sér vakandi nótt og dag. Hann ræddi svo um það að vinnan héldi áfram og það væri hans trú að málin væru í góðum farvegi en unnið væri að friðlýsingu og þetta tengist allt þeim hugmyndum sem við hefðum um svæðið og hann væri ekki hættur.

Hilmar tók svo aftur yfir fundinn að loknum þessum umræðum og óvæntu orðuveitingu og kláraði lið 3 og engar frekari umræður voru og ársreikningur var samþykktur.

4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.

Hilmar fór yfir að engar tillögur skv. 19 gr. liggi fyrir fundinum og því fellur þessi liður niður.

5. Afgreiðsla tillagna um lagabreytingar

Hilmar fór einnig yfir að engar lagabreytingatillögur liggja fyrir fundinum og því fellur þessi liður niður.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt og árgjöld ákveðin

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri tók við og byrjaði á að óska Ingjaldi Ásvaldssyni innilega til hamingju með gullmerki GSÍ og fór svo í stuttar útskýringar á forsendum fyrir þeim árgjöldum sem nú myndu vera kynnt. Talaði hann um að auðvitað væri það svo að í áætlunum væri gert ráð fyrir ýmsum þáttum, við vonumst til þess að sjálfsögðu að veðurfar verði hliðhollt, við ætlum að sækja á styrki fyrirtækja en vitum að það verður erfitt, það er gert ráð fyrir launahækkunum og við höfum varann á og gerum ráð fyrir því að þær verði afturvirkar og verðbólguáhrif munu eins og alltaf hafa áhrif. Mikið álag hefur verið á vallarstarfsmönnum og ljóst að þar er nokkur undirmönnum og það starfsfólk sem bæjarfélagið hefur skaffað hefur ekki verið nægilega stöðugt og því ekki nýst sem skildi og því yrði að bregðast við því með því að bæta við tveimur stöðugildum hér yfir golftímabilið.

Þorvaldur lagði því næst til tillögu að árgjöldum og voru þau eftirfarandi.

	Tillaga 2019	2018
Einstaklingar 26-67 ára	122.900	114.900
Einstaklingar 67 ára og eldri	98.300	91.900
Félagsmenn 18-25 ára	61.500	57.500
Börn og unglingar 17 ára og yngri	36.900	34.500
Systkinaafsláttur:		
Tvö systkini	47.900	44.500
Þrjú systkini	58.900	55.500
Fjögur systkini	69.900	66.500
Inngöngugjald	15.000	15.000
Ljúflingur félagsaðild fullorðinn 25 ára og eldri	49.200	43.000
Ljúflingur félagsaðild að 25 ára aldri	27.200	21.000

Þorvaldur sagði að þrátt fyrir þessar hækkanir að þá væri ekki gert ráð fyrir nema 300,000 kr. afkomu.

Hilmar fundarstjóri tók við og óskaði eftir því að fundurinn afgreiddi tillöguna en þá barst ósk úr sal um hvort ekki væri eðlilegt að opna umræður um framlögð árgjöld. Umræður voru þá opnaðar.

sp: Ægir Vopni tók til máls – spurði um fjölda félagsmanna

svar: Þorvaldur, svaraði til um að þeir væru 1226,

sp: Ægir spurði þá hvort þeir hefðu ekki verið 1500 á einhverjum tímapunkti og hvort það væri ekki biðlisti í klúbbinn

svar: Þorvaldur svaraði að ekki væri biðlisti í klúbbinn og það væri ekki þannig að félagatalið hefði verið í 1500 manns á einhverjum tímapunkti.

svar: Fundarritari tók þá til máls og útskýrði skv. hans minni að þegar golfklúbburinn hafi

tekið yfir rekstur á Setbergi fyrir nokkrum árum hafi orðið fjölgun á félagaskrá og þegar Urriðaholtið hafi verið í byggingu þá hafi verið útbúinn biðlisti þar sem mæta átti loforðum um aðgengi að klúbbum samhliða kaupum á húsnæði. Það hefði síðan komið í ljós þegar betur var farið í reikninga og félagatal hér fyrir um 10 árum að ýmsir fortíðardraugar væru enn þá inn í kerfinu og það var hreinsað út og síðan hefði félagafjöldi verið um 1100 manns að jafnaði síðan.

sp: Ragnar Gíslason spurði því næst hvort það væri ekki eðlilegt að hækka gjaldið meira því augljóst væri að afkoma yrði ekki endilega jákvæð miðað við þessar tillögur.

svar: Þorvaldur svaraði að það væri rétt að þarna væri ekki tekið tillit til afskrifta og annara liða en þarna hefði verið horft á að sjóðsstreymi myndi ekki versna milli ára og þannig látið standa.

sp: Valdimar Lárus Júlíusson spurði þá hví það væri þetta „Hagkaups-verð“ 122,900 en ekki slétt tala.

svar: Þorvaldur svaraði að þarna væri verið að hækka um krónutölu en ekki horft á endaniðurstöður.

sp: Laufey Sigurðardóttir spurði svo um inntökugjald og hvort það mætti ekki hækka það.

svar: Þorvaldur svaraði til þess að sú væri nú staðan að við værum einir klúbba af þessum stærri sem enn þá væri raunverulega að rukka þetta gjald. Við hefðum ákveðið að standa á því gjaldi og ekki hækka það og haldið því af virðingu við þá sem á undan komu og greiddu fyrir uppbyggingu og annað á undan öðrum en þetta gæti haft áhrif í harnandi samkeppni um félagsmenn.

Umræðum var svo lokið og Hilmar fundarstjóri bar upp tillögu um árgjöld og voru þau samþykkt.

7. Kosning stjórnar-og varamanna í stjórn

Hilmar fór því næst í kosningu stjórnar-og varamanna í stjórn og sagði frá því að skv. lögum félagsins skuli tilkynna um framboð tveimur vikum fyrir aðalfund. Kjörnefnd auglýsti eftir framboðum þann 13. nóvember og er skemmt frá því að segja að jafnmörg framboð bárust í þau embætti og í boði voru fyrir lok framboðsfrests þann 20. Nóv. Eftirtaldir eru því í kjöri og teljast sjálfkjörnir:

Elín Hrönn Ólafsdóttir til formanns,

Til stjórnar til tveggja ára: Berglind Rut Hilmarsdóttir og Halla Hallgrímsdóttir

Til varastjórnar í eitt ár: Auðunn Örn Gylfason

Í stjórn sitja svo áfram Kári Sölmundarson og Einar Geir Jónsson sem kosnir voru í stjórn á síðasta aðalfundi til tveggja ára.

Klappaði salurinn fyrir nýrri stjórn og telst hún því réttmæt.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara

Gerð er tillaga um óbreytta skipan tveggja skoðunarmanna:

Davíð Einarsson og Helgi F. Arnarson og til vara Ásbjörn Björnsson og var tillagan samþykkt

9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd

Gerð er tillaga um óbreytta kjörnefnd frá fyrra ári:

Kristjana Þorsteinsdóttir, Guðmundína Ragnarsdóttir og Gunnar Viðar

Tillagan er samþykkt.

10. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál, engar umræður fóru af stað. Bauð þá fundarstjóri nýkjörin formann Elínu Hrönn Ólafsdóttur í ræðustól.

Elín Hrönn þakkaði fundarmönnum fyrir mætingu og lofaði að starfa vel með fólkinu í klúbbum, við ætlum að vinna að stækkun og inniaðstöðu málum og erum bjartsýn á framtíðina.

Þar með er dagskrá aðalfundar lokið klukkan 21:06

**Fundarritari,
Svavar Geir Svavarsson**